


KAUPMANNASAMTÖK ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 122/1663
komudagur 1.4.1998



HÚSI VERSLUNARINNAR
103 REYKJAVÍK ICELAND
SÍMI: 568 7811
TELEFAX: 354 568 5569

30.mars 1998

Efni: Umsögn um frumvörp til laga um; Eftirlit með fjármálastarfsemi, 560.mál.
Sérákvæði laga um fjármálaeftirlit,
561.mál.
Seðlabanka Íslands, 581. mál.

Kaupmannasamtök Íslands hafa fengið þau gögn send sem þér hafið sent til Íslenskrar verslunar þar sem KÍ tók síðast við formennsku í félaginu. Þar sem umrædd samtök starfa ekki nú um stundir, þá vilja Kaupmannasamtök Íslands benda á að heppilegt sé að senda aðilum að samtökunum, þ.e.a.s. Kaupmannasamtökum Íslands, BÍlgreina-samtökunum og Samtökum verslunarinnar-Félagi Íslenskra stórkaupmanna beint til umsagnar drög að frumvörpum og reglugerðum.


Eftirlit með fjármálastarfsemi, 560. mál.


Varðandi þetta frumvarp vilja Kaupmannasamtök Íslands með tilvísun til töluliðs 2.9 í fylgiskjali 1 með frumvarpinu þar sem fram kemur m.a.: "Telja verður að þörf sé á að opinbert eftirlit með starfsemi greiðslukortafyrirtækja verði víðtækara en hér var lýst og að í lög verði sett almenn ákvæði er lúta að rekstraröryggi þeirra." áréttu að þau taka undir þetta viðhorf. Kaupmannasamtök Íslands telja nauðsynlegt að sett verði sérstök lög um greiðslukortastarfsemi, og eru þar sammála málflutningi Neytenda-samtakanna um sama efni. Samtökin hafa ekki aðrar athugasemdir við frumvarpið.

Sérákvæði laga um fjármálaeftirlit, 561.mál. og um Seðlabanka Íslands, 581. mál.

Kaupmannasamtök Íslands gera engar athugasemdir við ofanskráð frumvörp.


Virðingarfyllst,
KAUPMANNASAMTÖK ÍSLANDS


Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri



RAFAYRIR
OG
KOSTNAÐUR VEGNA GREIÐSLUKORTA

Sænskar rannsóknir og íslenskur veruleiki



KAUPMANNASAMTÖK ÍSLANDS

Október 1997

INNGANGUR

Kaupmannasamtök Íslands hafa tekið þessa skýrslu saman og hefur Sigurður Þórarinsson viðskiptafræðingur og fyrrverandi starfsmaður KÍ unnið það verk.

Tilgangur skýrslunnar er fyrst og fremst að kanna reynslu og viðbrögð sænskra kaupmanna af notkun svokallaðs rafeyris sem greiðsluforms. Rafeyrir þekkist ekki hér á landi enn sem komið er sem greiðsluform í almennum viðskiptum, en vænta má breytinga í þeim efnum, ef mið er tekið af almennri kortanotkun Íslendinga og áhuga þeirra fyrir tækninýjungum.

Í 1. kafla skýrslunnar er í stuttu máli rakin staða kortaviðskipta á Íslandi, en ljóst er að kort gegna mun stærra hlutverki á Íslandi á kostnað peninga, heldur en tíðkast víðast annars staðar. Miklar breytingar hafa átt sér stað á síðustu árum með tilkomu debetkorta sem hefur kallað á fjölgun s.k. posa, og er nú svo komið að posar eru hlutfallslega fleiri hér á landi heldur en víðast annars staðar í heiminum. Það er hins vegar miður hvað upplýsingagjöf er stutt á veg komin hérlendis, og hversu mikil leynd hvílir yfir upplýsingum en það á jafnt við um fjármálafyrirtæki sem og verslun. Á þessu sviði stöndum við Íslendingar frændum vorum á Norðurlöndum langt að baki.

Megininntak skýrslunar er að finna í 2. og 3. kafla sem fjalla um tvær kannanir er framkvæmdar voru í Svíþjóð á vormánuðum 1997. Markmið þeirrar fyrri var að kanna kosti og galla rafeyris sem greiðsluforms í matvöruverslun og söluturnum, og hver almenn viðhorf kaupmanna væru gagnvart rafeyri. Í síðari könnuninni var gerð úttekt á kostnaði kaupmanna samfara debet- og kreditkortaviðskiptum, umfangi slíkra viðskipta og viðhorfum til þeirra.


Í fjórða kafla er leitast við að bera saman kostnað íslenskra og sænskra kaupmanna vegna greiðslukorta. Upplýsingaskortur dregur þó úr gildi samanburðarins.

Skýrslunni lýkur með stuttri samantekt og yfirliti um rafeyriskort þar sem helstu tegundir þeirra eru skilgreindar.

Það er von Kaupmannasamtaka Íslands að skýrslan varpi ljósi á þróun og hagstærðir í greiðslumiðlun, og geti stuðlað að málefnalegri umræðu um þessi mál á Íslandi.

Reykjavík, október 1997

KAUPLMANNASAMTÖK ÍSLANDS


Sigurður Jónsson, framkvæmdastjóri

EFNISYFIRLIT

1. Greiðsluform á Íslandi	bls. 3
1.1. Gjaldskrá og markaðsstaða kortafyrirtækjanna	bls. 4
2. Rafeyrir sem greiðsluform í Svíþjóð	bls. 7
2.1. Rafeyrir	bls. 7
2.2. Niðurstöður hagkvæmnikönnunar	bls. 7
2.3. Samantekt	bls. 10
2.4. Viðhorfskönnun	bls. 11
3. Debet og kreditkort í Svíþjóð	bls. 13
4. Samanburður á kortabókun á Íslandi og í Svíþjóð	bls. 17
Samantekt	bls. 19
Yfirlit um rafeyriskort	bls. 20
Heimildaskrá	bls. 21

1. GREIÐSLUFORM Á ÍSLANDI

Greiðslukort eru nú orðin almennari á Íslandi en nokkurs staðar í heiminum¹. Að sama skapi eru Íslendingar fremstir í heimi í notkun greiðslukorta, og bera höfuð og herðar yfir aðrar þjóðir hvað snertir rafræn greiðslukortaviðskipti og sjálfvirkar reglubundnar boð- og raðgreiðslur, sem reyndar eru íslensk uppfinning. Vísbendingar eru um að notkun seðla og myntar hafi um langa hríð verið tiltölulega lítil hér á landi, en notkun tékka/debetkorta og kreditkorta því meiri. Þótt heildarathugun á viðskiptamynstri liggja ekki fyrir, má draga þessa ályktun út frá því að seðlar og mynt utan banka eru hér mun lægra hlutfall af landsframleiðslu en í öðrum löndum á svipuðu hagsældarstigi. Hlutfallið á Íslandi í lok árs 1995 var 1%, 2,9% í Bretlandi, 4,2% í Svíþjóð, 6,9% í Þýskalandi og 10,4% í Japan.

Í athugun² sem gerð var fyrir um tveimur árum á samsetningu greiðslna í einni af stórverslunum landsins kom fram að kortagreiðslur námu 63%, peningar 30%, ávísanir 5% og reikningsviðskipti 2%. Hjá stórrí sýrverslun var skiptingin hins vegar 79% rafræn kortaviðskipti, peningar 14% og ávísanir 7%. Lætur því nærri að um 70% allra smásöluviðskipta séu greidd með kortum. Þegar rafræn viðskipti verða komin yfir 90%, m.a. með tilkomu rafeyriskorta, má með vissum hætti halda því fram að seðlar sé orðnir óþarfir og samfélagið því sem næst seðlalaust. Það vekur því óneitanlega athygli að heildarlöggjöf er ekki til á Íslandi um greiðslukortaviðskipti, þrátt fyrir hið mikla umfang.

Kreditkort náðu mikilli og skjótri útbreiðslu hér á landi eftir að þau komu á markað og eru nú um 146 þúsund kort í umferð. Fjöldi debetkorta er kominn upp í tæplega 200 þúsund á þremur árum. Heildarfjöldi útgefinna greiðslukorta var hér um bil 1,3 á hvern íbúa í árslok 1996. Til samanburðar voru í árslok 1995 útgefin kort með eiginleika debet- og kreditkorta tæplega eitt að meðaltali í G-10 löndunum³, hæst var hlutfallið í Bandaríkjunum 2,5 kort á hvern íbúa og lægst í Hollandi 0,1 kort á íbúa. Einstakar verslunarkeðjur á Íslandi hafa ekki gefið út kreditkort eins og tíðkast hjá stórum verslunarkeðjum í Bandaríkjunum.

Rétt er að hafa í huga að uppgjör vegna kreditkortaviðskipta eru hér á landi talsvert ólík því sem gerist erlendis. Hér gera kreditkortafyrirtækin upp við kaupmenn á sama tíma og viðskiptavinurinn er rukkaður. Það er því kaupmaðurinn sem að langmestu leyti sér um að fjármagna reikningsskuldina, sjálfsgagt mest með lánsfé og óhjákvæmlegri verðhækkun vegna vaxta- og lántökukostnaðar. Erendis er algengara að kreditkortafyrirtækið greiði kröfur nánast eftir framvísun. Kaupmaðurinn sér slík viðskipti

¹Greiðslukort = samheiti yfir kort sem hægt er að greiða með, s.s. debetkort, kreditkort og rafeyriskort.

²Einar S. Einarsson, framkvæmdastóri Visa, "Seðlalaust samfélag -Cashless Society", Hagmál, tímarit viðskipta- og hagfræðinema, 1. tbl. 1996

³Bandaríkin, Belgía, Bretland, Frakkland, Holland, Ítalía, Japan, Kanada, Sviss, Svíþjóð og Þýskaland.

árum, ekki síst með tilkomu debetkortanna sem eru smám saman að leysa ávísanir af hólmi (sjá töflu).

Tafla 1.1: Heildarvelta (ÍSK) tékka, debet- og kreditkorta 1992-1997.2 ¹⁾

Millj.kr. / fjöldi í þús.							
HEILDARVELTA TÉKKA	1992	1993	1994	1995	1996	1996.2	1997.2
<i>Heildarvelta alls</i>	1.185.352	1.129.350	977.805	791.834	752.044	186.670	180.753
<i>Fjöldi tékka</i>	29.427	28.878	21.305	11.935	9.821	2.557	2.329
KREDITKORTANOTKUN	1992	1993	1994	1995	1996	1996.2	1997.2
<i>Velta</i>	52.905	56.174	58.316	64.771	74.896	18.157	20.368
Innanlands	45.255	48.506	50.164	55.862	64.220	15.597	17.543
Erlendis	7.650	7.668	8.152	8.909	10.676	2.560	2.825
<i>Færsluffjöldi</i>	15.787	16.602	17.350	18.837	20.068	4.951	5.397
Innalands	14.779	15.619	16.323	17.684	18.684	4.614	5.040
Erlendis	1.008	983	1.027	1.153	1.384	337	357
DEBETKORTANOTKUN	1994	1995	1996	1996.3	1996.4	1997.1	1997.2
<i>Velta</i>	37.829	111.639	147.228	39.120	40.458	36.578	42.962
Innanlands	37.638	111.079	146.238	38.825	40.166	36.333	42.670
þ.a. bankar	---	78.072	95.329	24.737	25.700	23.750	26.690
Velta <u>án banka</u> ²⁾	---	33.007	50.909	14.088	14.466	12.583	15.980
þ.a. verslun	---	25.356	40.459	11.221	11.640	10.071	12.766
- hlutfall verslunar	---	76,8%	79,5%	79,6%	80,4%	80,0%	79,9%
þ.a. hraðbankar	---	7.651	10.450	3.867	2.826	2.513	3.014
<i>Færsluffjöldi</i>	3.182	12.763	17.807	4.889	4.879	4.360	5.413
Innanlands	3.160	12.699	17.696	4.855	4.846	4.333	5.379
þ.a. bankar	---	1.303	1.451	366	379	355	389
Færslur <u>án banka</u> ²⁾	---	11.396	16.245	4.489	4.467	3.978	4.990
þ.a. verslun	---	9.914	14.188	3.910	3.903	3.477	4.406
- hlutfall verslunar	---	87,0%	87,3%	87,1%	87,4%	87,4%	88,3%
þ.a. hraðbankar	---	1.482	2.057	579	564	501	584
<i>Fj. korta í lok tímab.</i>	105.746	154.927	189.146	182.208	189.146	197.117	207.112

¹⁾ Í þeim tilfellum þar sem ákveðnar tölur eru tilgreindar á eftir ártali, er verið að skírskota til við-eigandi ársfjórðungs, t.d. 1997.2 = annar ársfjórðungur 1997.

²⁾ Debetkortanotkun í bönkum er skv. upplýsingum frá Visa, eingöngu til greiðslu afborgana og reikninga. Debetkortanotkun í hraðbönkum er hins vegar til almennrar neyslu, s.s. í verslun, veitinga-húsum, bensinstöðvum, o.fl.

Í töflunni kemur fram að ríflega 87% allra færslna debetkorta utan banka, eiga sér stað í verslun, en það samsvarar um 80% af heildarveltu debetkorta. Því miður segja þessar upplýsingar ákaflega lítið þar sem öll notkun debetkorta utan banka og hraðbanka

2. RAFEYRIR SEM GREIÐSLUFORM Í SVÍÞJÓÐ

Í kaflanum er fjallað um niðurstöður könnunar sem Handels Utredningsinstitut í Svíþjóð vann að beiðni Sveriges Köpmannaförbund í mars og apríl 1997. Markmiðið var að kanna viðhorf kaupmanna til notkunar rafeyris sem greiðsluforms (cash cards, smart cards, o.fl.), og leita svara við því hvort rafeyrir leiði til hagkvæmni og ávinnings fyrir kaupmenn, eða hafa einungis í för með sér aukinn kostnað. Könnunin var framkvæmd í Uppsala og var tvenns konar. Í fyrsta lagi voru framkvæmdar umfangsmiklar tíma- og kostnaðarrannsóknir hjá fjórum fyrirtækjum og öðru lagi voru könnuð viðhorf 120 kaupmanna í Uppsala til rafeyrisnotkunar.

2.1. RAFEYRIR

Hvað er átt við með hugtakinu rafeyrir? *Rafeyrir* eða *raffé* hefur verið skilgreint sem reiðufé (eða ávísun á reiðufé) sem geymt er á tölvutæku formi í gjörva rafeyriskorts (raffpyngju) eða á tölvu.

Tilgangurinn með rafeyriskortunum er að draga úr notkun myntar og auka hagkvæmni og öryggi í smærri viðskiptum. Kostirnir við þessi kort fyrir korthafann er þeir helstir að yfirleitt eru þau ómerkt og allir geta fengið þau án tillitis til fjárhagsstöðu. Helstu ókostirnir eru þeir að þegar lagt hefur verið inn á rafeyriskort, þá eru peningarnir bundnir þar inni, en það á sérstaklega við um einnota og einþætt kort. Breska síma-fyrirtækið BT hagnast til að mynda verulega á ónotuðum eftirstöðvum símakorta þar í landi.

Rafeyriskort geta verið mjög margvísleg, t.d. færslukort eða færslulaus kort, hleðslukort eða einnota, einþætt eða margþætt, einmynta eða fjölmynta og ómerkt eða kenni-merkt.³ Rafeyriskort hafa verið að ryðja sér til rúms í Svíþjóð, þó enn sem komið er í óverulegum mæli. Það voru hins vegar Danir sem voru brautryðjendur í Evrópu í notkun rafeyriskorta, þegar Danmønt-kortið kom til sögunnar.

2.2. NIÐURSTÖÐUR HAGKVÆMNIKÖNNUNAR

Könnunin tók fyrst og fremst til tveggja þátta í sambandi við notkun rafeyris, (1) tíma og (2) kostnaðar. Úrtakið náði til fjögurra fyrirtækja, þ.e. þriggja matvöruverslanna og eins söluturns. Ástæða þess að aðeins einn söluturn er með í úrtakinu, er sú að notkun rafeyris hefur ekki verið algeng í söluturnum. Því var afráðið að taka aðeins þann söluturn með sem hafði flestar rafeyrisfærslurnar.

³Sjá nánar skilgreiningar á einstökum kortategundum í lok skýrslunnar.

peninga hins vegar. Það kemur klárlega í ljós að kostnaður, sérstaklega í söluturninum, er mun hærri pr. rafeyrisfærslu heldur en þegar greitt er með peningum (sjá töflu 2.1). Meginástæðan er sú sama og áður, þ.e. uppgjörskostnaðurinn vegna rafeyris dreifist á mjög fáar færslur.

Tafla 2.2: Kostnaðarrannsóknir vegna rafeyris

(SEK pr. færslu)	matvöruverslun	söluturn
<i>Rafeyrir</i>		
Afgreiðslukassar	0,54	0,70
Uppgjör	0,90	1,69
Samtals:	1,44	2,39
<i>Peningar</i>		
Afgreiðslukassar	0,81	0,45
Uppgjör	0,35	0,06
Samtals:	1,16	0,51

Þessi niðurstaða er með öllu óviðunandi fyrir söluturninn. Það getur ekki orðið hagkvæmt fyrir söluturna að bjóða upp á rafeyri sem greiðslumöguleika, nema að mögulegt sé að skera afgreiðslutímann niður á sambærilegt stig og þegar greitt er með peningum. Lausnin við þessu er að rafeyrisformið sé innbyggt í kassakerfið. Á sama hátt verður fjöldi færslna að aukast verulega (í 300 færslur daglega) til að uppgjörshliðin geti orðið hagkvæm.

Til viðbótar þeim kostnaði sem hér hefur verið lýst, kemur þóknun til banka og kostnaður vegna búnaðar. Samkvæmt gjaldskrá sem tók gildi 1. mars 1997 er bankapóknunin annað hvort 0,50 SEK pr. færslu eða 0,5% af fjárhæð viðskiptanna. Kostnaður vegna búnaðar getur einnig verið tvenns konar, (1) 50 SEK í leigugjald á mánuði, eða (2) 1.000 SEK ef búnaðurinn er keyptur.

Fjárhæð viðskipta

Rafeyrir er greiðsluform sem fyrst og fremst kemur í stað peninga í smærri viðskiptum. Í meðfylgjandi töflu má sjá að meðalviðskipti með rafeyri í matvöruverslun eru 110 SEK og 25 SEK í söluturninum. Til samanburðar má nefna að meðalviðskipti á árinu 1996 með greiðslu- og debetkortum voru um 350 SEK og 250 SEK með sérstökum viðskiptavinakortum verslananna (handels eigna kort).

Tafla 2.5: Helstu niðurstöður könnunarinnar

	matvöruverlsun		söluturn	
	peningar	rafeyrir	peningar	rafeyrir
Meðalviðskipti	96,00	110,00	24,00	25,00
Fjöldi færslna pr. dag	1.159	18	1.420	12
Kostn. í verslun (v/vinnu)	1,16	1,44	0,51	2,39
Afgreiðslukassagjald	0,03	-	0,02	-
Innheimta dagssölu ¹	0,07	-	-	-
Færslubóknun a) 0,50 SEK	-	0,50	-	0,50
b) 0,5%	-	0,55	-	0,13
Kostnaður v/leigu á búnaði	-	0,09	-	0,14
Samtals	1,26		0,53	
Með færslubóknun a)	-	2,03	-	3,03
Með færslubóknun b)	-	2,08	-	2,66

¹ Bóknun greidd öryggisfyrirtæki sem sér um að sækja dagssöluna.

a) og b): Færslubóknun er annað hvort 0,50 SEK pr. færslu eða 0,5% af fjárhæð viðskiptanna.

2.4. VIÐHORFSKÖNNUN

Viðhorfskönnunin náði til 120 kaupmanna í Uppsala, en 100 aðilar kusu að taka þátt sem gerir um 83% svörun. Þegar könnunin var framkvæmd voru fimm mánuðir liðnir frá því rafeyrir leit þar dagsins ljós. Notkunin var þó enn lítil eins og fram hefur komið. Meðalfærslufjöldi rafeyris á dag var aðeins 3,6 færslur í þessum hópi samanborið við 12 (söluturn) og 18 (matvöruverslun) færslur í könnuninni að framan.

Fimm spurningar voru lagðar til grundvallar í þessari könnun. Niðurstöðurnar urðu þessar:

1. *Telur þú rafeyri gott eða slæmt greiðsluform?*

58% töldu rafeyri gott greiðsluform en 42% töldu rafeyri slæman kost. Þeir sem töldu rafeyri góðan kost sögðu að rafeyrir væri einfalt, þægilegt og fljótvirkt greiðsluform sem krefst lítillar skiptimyntar. Hinir sögðu rafeyri hafa í för með sér aukin kostnað, of fáar færslur til að vera hagkvæmt greiðsluform, og aukna vinnu þar sem kerfið er ekki innbyggt í afgreiðslukassana.

3. DEBET- OG KREDITKORT Í SVÍÞJÓÐ

Í júlí 1995 hófu flestir bankar í Svíþjóð að taka þóknun vegna viðskipta sem greitt var fyrir með bankakortum/debetkortum. Samskonar þóknun var þá þegar til staðar vegna kreditkorta. Þóknunin getur ýmist verið í formi (1) fastagjalds, (2) veltugjalds (þ.e. ákveðin prósentu af viðskiptafjárhæðinni), eða (3) fasta- og veltugjalds. Kaupmenn eru ekki á eitt sáttir með þessa gjaldtöku og hafa sumir þeirri brugðið á það ráð að leggja sérstakt álag, sem þóknuninni nemur, á þá viðskiptavini sem greiða með vissum kortum.

Í ljósi þessa, fór Sveriges Köpmannaförbund þess því á leit við HUI að framkvæmd yrði könnun meðal kaupmanna til að að komast að því hver kostnaður kaupmanna væri samfara hinum ýmsu tegundum greiðslukorta og hver viðhorf þeirra væru gagnvart þeim. Leitað var eftir þátttöku 240 kaupmanna í matvöru- og þægindaverslun⁶, en 208 svör bárust. Þar af voru 10 kaupmenn með "strauvélar", 7 kaupmenn tóku ekki við kortum og 6 höfðu hætt rekstri. Niðurstöðurnar byggja því á svörum 185 kaupmanna og var þeim skipt niður í tvo veltuflokka, (1) undir 20 milljónum SEK og (2) yfir 20 milljónir SEK.

Helstu niðurstöður voru þessar:

1. Átt þú útbúnaðinn (betalterminal) sjálfur eða leigir þú hann?

Um 41% svarenda á búnaðinn sjálfur, en hlutfallið er mjög mismunandi bæði eftir verslunartegundum og veltu. Meðalleigugjald er 475 SEK pr. mánuð eða um 5.700 SEK á ári. Meðalkostnaður vegna kaupa á búnaði er hins vegar um 5.300 SEK.

Eigin búnaður eða leigður búnaður

Velta ⇒	Matvöruverslun				Þægindaverslun				Samtals	
	< 20 millj.		> 20 millj.		< 20 millj.		> 20 millj.			
	fjöldi	%	fjöldi	%	fjöldi	%	fjöldi	%	fjöldi	%
Eigin bún.	10	33	10	15	20	50	36	72	76	41
Leiga	20	67	55	85	20	50	14	28	109	59
Samtals	30	100	65	100	40	100	50	100	185	100
Svarhlutfall	75		81		100		65		77	

⁶Á sænsku "Sällanköphandeln" eða þægindaverslun, verslun með vörur sem sjaldan eru keyptar.

Kreditkort

Kreditkort sem einnig eru Eurocard, Mastercard og Visa, eru með meðalþóknun upp á 13,49 SEK pr. færslu. Þóknun þægindaverslunar er næstum tvöfalt hærri að meðaltali en í matvöruverslun og skýrist fyrst og fremst af því að hver einstök kaup eru yfirleitt stærri í slíkum verslunum.

Kreditkort

	Matvöruverslun			Þægindaverslun			Samtals		
	Meðalt	Lágm.	Hám.	Meðalt	Lágm.	Hám.	Meðalt	Lágm.	Hám.
Þóknun	8,89	3,77	12,55	17,30	3,58	58,38	13,49	3,58	58,38
- % ¹	3,0	1,5	4,1	2,2	0,4	4,1	2,5	0,4	4,1
- föst ¹	-	-	-	-	-	-	-	-	-
- % ²	1,9	1,2	2,0	2,3	2,0	2,5	2,1	1,2	2,5
- föst ²	2,07	1,75	2,47	2,90	2,48	3,00	2,57	1,75	3,00

¹ SERVO, Euroline o.fl.

² BABS

3. Hvar er meðaltals þóknun vegna allra korta (viðskiptavinakort undanskilin)?

Meðalþóknun í matvöruverslun vegna korta er 1,59 SEK pr. færslu en 4,46 SEK í þægindaverslun. Í heildina litið er meðalþóknunin því 3 SEK á hverja færslu sem jafngildir um 0,6% af heildarviðskiptum með kortum. Athyglivert er að bankakort/debetkort er það kort sem í um 90% tilfella er notað, ef greitt er með korti. Viðskiptavinakort eru þó eins og áður sagði, ekki með í þessari úttekt.

Meðaltals þóknun vegna allra korta pr. færslu

	Matvöruverslun			Þægindaverslun			Samtals		
	Meðalt	Lágm.	Hám.	Meðalt	Lágm.	Hám.	Meðalt	Lágm.	Hám.
Þókn. ¹	1,59	0,23	4,16	4,46	0,49	7,99	2,99	0,23	7,99
P./sala ²	0,4	0,1	1,2	0,8	0,1	1,7	0,6	0,1	1,7
Deb.k ³		92%			83%			88%	

¹ Þóknun vegna allra korta (viðskiptavinakort undanskilin)

² Þóknun í hlutfalli (%) af heildarviðskiptum með kortum

³ Hlutfall debetkorta í heildarnotkun greiðslukorta (viðskiptavinakort undanskilin)

Að síðustu voru könnuð viðhorf kaupmanna til ýmissa þátta varðandi kortanotkun. Aðspurðir kváðust um 70% kaupmanna ekki gera greinamun á debetkortum annars vegar og kreditkortum hins vegar. Niðurstaðan var mjög svipuð hjá báðum verslunartegundunum. Á hinn bóginn töldu 50% sig vilja losna við einhverja kortategund ef kostur væri á. Margir þeirra töldu kreditkort óaskileg, aðrir kort með veltugjaldi og enn aðrir öll kort önnur en bankakort/debetkort. Aðeins 35% kaupmanna sögðust ánægðir með sína kortastöðu, þar af 28% í matvöruverslun og 48% í þægindaverslun.

4. SAMANBURÐUR Á KORTAÞÓKNUN Á ÍSLANDI OG Í SVÍÞJÓÐ

Það er ekki einfalt mál að gera samanburð á þóknunum kaupmanna vegna greiðslukorta á Íslandi og í Svíþjóð. Ástæður þessa eru einkum tvær, í fyrsta lagi eru upplýsingar um þóknanir einstakra kortategunda ekki fyrirliggjandi á Íslandi. Í öðru lagi er samsetning kortanotkunar mjög mismunandi í þessum löndum.

Þóknanir

Skv. upplýsingum frá Visa hefur meðalþóknun íslenskra kaupmanna vegna greiðslukorta farið lækkandi og er nú um 1,39% sem er þó mun hærri þóknun en gerist í Svíþjóð. Taflan að neðan sýnir meðalþóknun kaupmanna í Svíþjóð vegna hinna ýmsu kortategunda umreiknaða í íslenskar krónur og í hlutfalli af veltu.⁹

Tafla 4.1: Yfirlit um þóknanir nokkurra kortategunda (ÍSK)

Kort/meðalþóknun pr. færslu	matvöruv.	þægindav.	samtals
Banka-/debetkort	8,13	14,18	11,06
Reikningsviðskiptakort	102,78	159,03	136,34
Kreditkort	84,05	163,57	127,55
Meðaltal allra korta	15,03	42,17	28,27
Meðalþókn. allra korta í hlutf. af veltu	0,4%	0,8%	0,6%

Meðalþóknun allra korta (viðskiptavinakort undanskilin) í hlutfalli af veltu er um 0,6%, og er nokkur mismunur á matvöru- og þægindavöruverslun, eða 0,4 prósentu-stig pr. færslu.

Samsetning kortaviðskipta

Debetkort er lang algengasta greiðslukortið í Svíþjóð, en það er notað í um 90% tilfella þegar kort eru á annað borð notuð (viðskiptavinakort undanskilin). Kortanotkun er hins vegar almennt mjög lítil í Svíþjóð. Staðgreiðsluviðskipti (peningar og ávísanir) svara t.d. til ríflega 82% allra færslna og 72% allrar veltu í matvöruverslun.

Á Íslandi er dæmið töluvert frábrugðið. Kortanotkun er mun algengari og lætur nærri að um 70-75% allra viðskipta sé greiddur með kortum. Þar að auki er hlutur kreditkorta mun stærri á Íslandi heldur en í Svíþjóð. Boð- og raðgreiðslur eru til að mynda íslensk uppfinning sem nýtur mikilla vinsælda, eins og áður hefur komið fram. Árið

⁹M.v. sölugengi sænskrar krónu, 17. október 1997: 9,455

SAMANTEKT

Rafeyrir

Þegar könnunin vegna rafeyris var framkvæmd voru aðeins 5 mánuðir liðnir frá því rafeyrir kom til sögunnar sem almennur greiðslumáti í Svíþjóð. Notkun rafeyris var því ekki mjög útbreidd en hafa ber í huga að kortanotkun almennt er mun minni í Svíþjóð heldur en t.d. hér á landi.

Niðurstöður könnunarinnar voru rafeyri mjög í óhag. Kostnaðarauki pr færslu þegar rafeyrir var notaður í stað peninga var 0,80 SEK í matvöruverslun og 2,30 SEK að meðaltali í söluturninum. Meginskýringarnar voru einkum tvær, (1) uppgjörsvinnan dreifist á mjög fáar rafeyrisfærslur, og (2) rafeyriskerfið er ekki innbyggt í kassakerfið.

Ríflega 72% af veltu í matvöruverslun og 98% af veltu í söluturninum í Svíþjóð er í formi viðskipta sem greitt er fyrir með peningum eða ávísunum. Rafeyrir kemur að einhverju leyti í stað þessara greiðsluforma, a.m.k. þar sem um smærri fjárhæðir er að ræða, þar sem könnunin sýndi að meðalviðskipti með rafeyri í matvöruverslun var 110 SEK og 25 SEK í söluturninum. Möguleikar rafeyris virðast því miklir en aukinn færslufjöldi er forsenda fyrir því að rafeyriskerfið geti orðið hagkvæmt.

Viðhorf kaupmanna til rafeyris voru mismunandi og stönguðust niðurstöður nokkuð á. T.d. töldu 58% kaupmanna rafeyri gott greiðsluform, en á hinn bóginn töldu 85% að rafeyrir uppfyllti ekki þau markmið sem settu voru í upphafi og 61% kvaðst ekki ætla að bjóða áfram upp á rafeyri sem greiðsluform.

Debet- og kreditkort

Þóknun vegna debet- og kreditkorta í Svíþjóð er töluvert mismunandi eftir korta- og verslunartegundum. Um 90% allra kortaviðskipta eru viðskipti með bankakort/debetkort (viðskiptavinakort undanskilin) og er meðalþóknun vegna þeirra mun lægri en vegna annara korta eins og sjá má í meðfylgjandi töflu.

Yfirlit um þóknunir nokkurra kortategunda (SEK)

Kort/meðalþóknun pr. færslu	matvöruv.	þægindav.	samtals
Banka-/debetkort	0,86	1,50	1,17
Reikningsviðskiptakort	10,87	16,82	14,42
Kreditkort	8,89	17,30	13,49
Meðaltal allra korta	1,59	4,46	2,99

YFIRLIT UM RAFEYRISKORT

Rafeyrir, raffé	<i>Electronic cash, E-cash, cyberbucks</i> Reiðufé (eða ávísun á reiðufé) sem geymt er á tölvutæku fromi í gjörva rafeyriskorts (rafpyngju) eða á tölvu.
<u>Teg. rafeyriskorta:</u>	
(Ör)gjörvakort	<i>Smart card, chip card</i> Kort með örgjörvum og vernduðu minni
Færslukort (rekjanlegur rafeyrir)	<i>Fully accountable cards</i> Kort þar sem skrá er haldin um allar færslur sem framkvæmdar eru með kortinu og ekki er hægt að framkvæma færslur milli rafeyriskorta án milligöngu bankastofnunar.
Færslulaus kort, órekjanleg rafeyriskort	<i>Electronic money cards, not fully-accountable cards</i> Kort sem líkir nákvæmlega eftir peningum, færslur ekki rekjanlegar, og greiðslur má færa á milli rafeyriskorta án milligöngu bankastofnunar.
Hleðslukort	<i>Non-disposable card</i> Kort sem hægt er að endurhlað í hraðbanka eða með rafrænum boðleiðum svo sem símalínum og útstöðvum tölva.
Einnota kort	<i>Disposable cards</i> Kort sem aðeins er hlaðið einu sinni, og þegar fjárhæðin sem sett hefur verið á kortið er uppurin, hefur það lokið tilgangi sínum.
Einþætt rafeyriskort	<i>Stand alone card</i> Kort sem virkar aðeins sem hlaðanlegt rafeyriskort, en getur ekki gegnt hlutverki debet- og kreditkorts.
Margþætt kort	<i>Combination card</i> Kort sem getur, auk þess að vera debet- og kreditkort, verið hlaðanlegt rafeyriskort.
Einmynta kort	<i>One single currency card</i> Aðeins hægt að hlaða rafeyri eins gjaldmiðils í kortið.
Margmynta kort	<i>Multiple currency card</i> Hægt að hlaða kortið með mörgum gjaldmiðlum. Breytingar á gengi koma aðeins fram áður en kort er hlaðið eða við hleðslu, en ekki þegar kort er notað til greiðslu.
Ómerkt kort	<i>Anonymous card</i> Kort þar sem ekki koma fram auðkenni notanda, hvorki á kortinu sjálfu né þegar það er notað.
Kennimerkt kort	<i>User-identified card</i> Kort þar sem auðkenni korthafans koma fram á kortinu og aðeins hann einn getur notað kortið.

HEIMILDASKRÁ

AB Handels Utredningsinstitut (HUI), *Avgifter på bank- och kreditkort -en kostnadsstudie-*, Stokkhólmur, maí 1997

AB Handels Utredningsinstitut (HUI), *Cash card -en kostnads- och effektivitetsstudie-*, Stokkhólmur apríl 1997

Einar S. Einarsson, *Seðlalaust samfélag – Cashless Society -*, Hagmál, tímarit viðskipta- og hagfræðinema, 1. tbl. 1996, Reykjavík, 1996

Kaupmannasamtök Íslands, *Könnun á kostnaði vegna debetkorta*, KÍ, Reykjavík, 1995

Ólafur K. Ólafs, *Rafrænar greiðslur*, Fjármálatíðindi fyrra hefti 1997, Seðlabanki Íslands, Reykjavík, 1997

Seðlabanki Íslands, *Hagtölur mánaðarins*, Reykjavík, 1997

Sigurður Lárusson, *Plastkort = verðbréf*, Morgunblaðið bls. 30-31, Reykjavík, 12. maí 1997

Sue Rayner, *Payment Cards in Europe – Product trends and market outlook -*, Financial Times Management Report, Financial Times Business Information, London 1993

Visa Ísland, *Staðtölur 1995-96*, Visa Ísland, Reykjavík, Apríl 1996

Visa Ísland, *Staðtölur 1996-97*, Visa Ísland, Reykjavík, 1997



